



8. stjórnarfundur HSV starfsárið 2015-2016. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, þriðjudaginn 15. mars 2016 kl. 16.15.

Mættir eru: Jóhann Króknes Torfason, Pétur Georg Markan, Ingi Björn Guðnason, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Umfjöllun um málefni á dagskrá næsta fundar Íþrótt- og tómsundanevndar
2. Niðurstaða formannafundar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ.
3. Önnur mál

Fundargerð:

1. Umfjöllun um málefni á dagskrá næsta fundar Íþrótt- og tómsundanevndar
Á fundi íþrótt- og tómsundanevndar verða kynnt drög að keppnislýsingu í hugmyndasamkeppni að Austurvegi 9. Formaður HSV og framkvæmdastjóri munu sitja þann fund. Samþykkt var eftirfarandi ályktun:
*Stjórn HSV telur rétt að Sundhöllinni við Austurveg verði sýndur sómi.
Stjórn HSV bendir jafnframt á samþykkt síðasta formannafundar þann 9. mars síðastliðinn, þar sem fram kom að öll aðildarfélög eru sammála um að forgangsatríði í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ sé að byggja fjölnota íþróttahús.*
2. Niðurstaða formannafundar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ.
Formaður kynnir fyrir stjórn að formannafundur samþykkti á síðasta fundi sínum þann 9. mars, að allir formenn skrifi undir yfirlýsingu þar sem minnt er á að öll aðildarfélög HSV séu sammála um að forgangsatríði í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Ísafjarðarbæ sé að byggja fjölnota íþróttahús.
3. Önnur mál
Aðalfundur Hendingar: formaður segir frá aðalfundi Hendingar sem haldinn var síðastliðinn laugardag. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með að stjórnarstarf Hendingar sé komið í gang að nýju.